



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

15. árgangur 4.tbl.

Apríl 2018

Tónleikar í Árnesi laugardaginn

21. apríl kl. 16:00

Fugla-kabarett

Kirkjukórar Ólafsvalla, Stóra-Núps og Grundar í
Eyjafirði ásamt Söngfjelinu í Reykjavík og
hljómsveit flytja þetta skemmtilega verk eftir
Hjörleif Hjartarson og Daníel Þorsteinsson

Sögumaður og kynnir: Hjörleifur Hjartarson
Stjórnendur kóra:

Þorbjörg Jóhannsdóttir, Daníel Þorsteinsson
og Hilmar Örn Agnarsson
Hljómsveit skipa:

Daníel Þorsteinsson píanó Kristján Edelstein gítar
Gunnar Hrafnsson bassi Helge Haahr slagverk

Miðaverð: 3.000,-





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. maí 2018.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Opnunartímar gámasvæða á Klippikorti sem sent var heim á bæi voru ranglega skráðir, að hluta. Engin breyting verður á þeim, sjá skráningu hér að neðan.

Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæði lokað - frídag verkamanna 1. maí!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn. (Til vinstri á heimreið) Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Umsjónarmaður gámasvæða er Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Hvað er gjaldskylt og ógjaldskylt sorp á gámasvæði? Hvernig virkar Klippikortið?

Grundvallaratriði að flokkað hafi verið fyrir afhendingu.

Framvísa skal klippikorti við afhendingu **gjaldskylds úrgangs**.

Ekki þarf að framvísa klippikorti við afhendingu **gjaldfrjálsa úrgangsins**.

Gjaldskyldur úrgangur á gámasvæði:

Almennur óflokkaður úrgangur
frá heimilum og fyrirtækjum
Blandaður /óflokkaður úrgangur
Timbur málað og ómálað.

Vörubretti

Húsgögn

Gler

Gifs og gifsplötur

Steinefni/múrbrot

Annar grófur úrgangur frá
framkvæmdum

Raftæki

Hjólbarðar m/ felgum

Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir

Annað flokkað plast—hreint

Bylgjupappi

Dagblöð/tímarit/pappír

Fernur

Flokkaðir málmar

Hjólbarðar

Áfram verður tekið við garðaúrgangi í Skaftholti

Unnið verður að því að girða svæðin
betur af. Áfram verður aðgengi að
litlum gámi á svæðunum fyrir
heimilissorp í litlum umbúðum.
Sveitarstjóri.

PAJERO til sölu.

Árgerð 2005 Díesel,
ekinn 220.000 km.

Mikið endurnýjaður.

Skoðaður 2019

athugasemdarlaust.

Nánari upplýsingar í
símum 8941855 og
8617013




Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13—13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja – útibú í Laugarási sími 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is

Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Landflutningar
SAMSKIP

**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka daga-
með viðkomu á Selfossi**

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com www.landflutningar.is




facebook

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýttengingum og línubókhaldi FjarSKIPTAFÉLAGS Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og

nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Baggamunur!

Bókhalds- og skattapjónusta
Smiðjustígur 6, Flúðum
866-9035
s@baggamunur.is
www.baggamunur.is

Ert þú í sjálfstæðum rekstri eða vinnur fjarvinnu?
Værir þú til í að sameinast um skrifstofu/atvinnuhúsnæði með öðrum í stað þess að vinna heima?

Gjálp er að skoða möguleika á því að setja upp skrifstofu- og atvinnuhúsnæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem t.d. vinna fjarvinnu eða eru sjálfstætt starfandi. Áhugasamir geta haft samband með tölvupósti á gjalpfelag@gmail.com

Gjálp leitar að trúnaðarsamtali við forsvarsfólk framboðslista til sveitarstjórnarkosninga í sveitarfélögum við Þjórsá.

Við viljum stuðla að sameiginlegum framboðsfundi í hverju sveitarfélagi þar sem að kjósendum er boðið til kappræðna og samtals við frambjóðendur allra framboða á sama tíma.

Við sæjum fyrir okkur að hvert framboð myndi halda framsögu í upphafi fundar en svo myndu frambjóðendur svara spurningum sem ýmist hefðu verið sendar inn fyrir fundinn og spurningum beint úr sal.

Fundarstjóri væri aðili sem allir aðilar féllust á fyrirfram, en væri sterkur stjórnandi utansveitar. Við erum nú þegar með nokkrar tillögur í þeim efnum.

Kostirnir við slíkan fund væru að almennur kjósandi gæti haft áhuga á að geta komið á hlutlausan fund, hlusta á spurningar og svör frambjóðenda, leggja fram viðkomandi sjálfur. Slíkt myndi efla lýðræðið okkar, samtal og efla samfélagið okkar. Við vonum að við heyrum frá forsvarsmönnum framboðslista í sem flestum sveitarfélögum til þess að geta samnýtt sterkan fundarstjóra á sem flestum stöðum á sömu helgi eða dögum.

gjalpfelag@gmail.com
www.facebook.com/gjalp

Fréttir frá umhverfisnefnd.

Það er margt sem ber á góma hjá okkur í umhverfisnefnd. Okkur ber að fylgjast með umhverfismálum og hvetja til ýmissa góðra verka.

Á svonefndum „fatasóunardegi“ í nóvember, hélt Stefán Gíslason umhverfisráðgjafi fróðlegan fyrirlestur um nýtingu textílvara, hve miklu er sóað af fatnaði, hve mikið fer í endurvinnslu og hvað verður um þessar vörur. Einnig fór Stefán yfir hve fataiðnaðurinn er víða umhverfismengandi, með litun og notkun á ýmsum mengandi efnum. Um leið var opinn skiptimarkaður á fötum og skóm og það sem ekki skipti um eigendur var sent til Rauða krossins, sem flokkar og sendir áfram það sem nýtilegt er. Slitinn fatnaður og stakir sokkar fara í niðurrif og er unnið úr því hráefni á nýjan leik. Rauði krossinn fær greitt fyrir hvert kg af textílvöru sem sent er í endurvinnslu.

Við viljum minna á að allur fatnaður, slitinn og rifinn og öll efni sem ekki eru nýtt á heimilum er hráefni. Rauði krossinn fær greiddar talsverðar upphæðir fyrir þessa vöru. Við eigum því ekki að henda neinu af textíluþruna. Mikið er fjallað um plastmengun í höfum og því miður ekki hægt að segja að sveitin okkar sé laus við plast. Víða má sjá plast á víðavangi og blaktandi á girðingum. Þetta plast fýkur um og sumt lendir í ám og vötnum og berst alla leið til hafs. Þetta verðum við að bæta og er það okkar uppástunga að hver sjái um sig, ef allir landeigendur fara með vegum, girðingum, lækjum og skurðum er hægt að ná miklu og setja í endurvinnslu.

Sama á við um annað rusl, sem kemur undan snjónum, það hefur týnt sínum flokki og er þarfaverk að koma því til hans aftur. Fyrirtæki sveitarinnar þurfa líka að taka sig á, ryðguð tæki og tól eru ekki sveitarsómi. Margir sumarbústaðaeigendur fara með sitt sorp beint á gámasvæðið og eiga hrós skilið. Eins og er, má segja að ekki hafi tekist að koma sorpmálum allra sumarbústaðasvæða í nógu gott horf. Tillögur að betri lausn eru vel þegnar og má senda þær til sveitarstjóra. Flokkunarhandbók hefur verið send á hvert heimili og er hana einnig að finna á heimasíðu skeidgnup.is. Þar er sett fram á skýran og einfaldan hátt, hvernig á að flokka hvert og eitt hráefni.

Umhverfisnefndin hefur um nokkurt skeið rætt ástand í perlunnar okkar, Gjánni. Þar eru mál í friðlýsingarferli og vonum við að það mál þokist hraðar áfram en hingað til. Gjáinn hefur látið mikið á sjá, hún þolir ekki þann ágang sem þar er. Dæmi eru um að tjaldað hafi verið niðri í Gjánni, hjólað í gegnum hana og grillað á viðkvæmum sverði. Slíkt umgengni er ólíðandi.

Umhverfisnefnd fékk formann atvinnu og samgöngunefndar til að skýra fyrir okkur lista sem þau hafa sett upp. Var það fróðlegt og nauðsynlegt og augljóst að það vantar t.d. skýra stefnu í umhverfismálum sveitarinnar. Hvernig viljum við hafa okkar nánasta umhverfi? Og viljum við varðveita hina einstaklega fögru náttúru hennar? Börnin hafa alist upp við stefnu Grænfánans og eru t.d. flink í endurvinnslu. Er ekki kominn tími á að taka skrefið lengra og börn og fullorðnir og vera meðvituð um að minnka umbúðir og hugsa sig um áður en keyptur er

óþarfi, sem jafnvel hefur verið fluttur yfir hálfan heiminn? Auðvitað er þörf á ýmsu aðfluttu efni en það má hugsanlega minnka. Efnt veður til hreinsunardags í júní og hvetjum við alla til að vera meðvitaðir um þetta átak til að gera sveitina okkar enn hreinni og fallelgri.

Með vorkveðjum
Umhverfisnefnd.

Uppsprettan 2018

Laugardaginn 16. júní verður byggðarhátíðin **Uppspretta** haldin hér í sveit. Að mestum hluta í Árnesi. Dagskráin verður fjölbreytt og skemmtileg að vanda og er undirbúningur í fullum gangi. Leikhópurinn Lotta verður á sínum stað, sem og Brokk og skokk ásamt leiktækjum og rétt er að vekja athygli á því að þennan dag verður fyrsti landsleikur Íslands í Hm í fótbolta og verður honum varpað á stóra tjaldið í Árnesi. Fleira verður til skemmtunar sem kynnt verður nánar síðar.

Undanfarin ár hefur dagskrárliðurinn „Bjástrað á bæjunum“ átt sinn „sess“ í hátíðinni. Þar hafa nokkrir góðir sveitungar og gestir komið með ýmsan varning úr fórum sínum til að selja eða sýna. Okkur langar að hvetja þá sem kunna að luma á „afurðum“ af einhverju tagi til að gefa sig fram við okkur. Við erum opin fyrir öllu: listmunum, safngripum, matvælum, föndri, hannyrðum eða hverju sem er. Hægt er að senda nefndinni tölvupóst á menningskeidgnup@gmail.com.

Takið daginn frá, við hlökkum til að sjá ykkur öll!

Bestu kveðjur,
Menningar- og æskulýðsnefnd



58. sveitarstjórnarfundur haldinn fimmtudaginn 5. apríl 2018 í Árnesi kl. 14:00

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð.

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að einu máli við dagskrána. Mál 32. Bugðugerði 3 staðfesting vegna skipulags. Var það samþykkt.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Skipulagsstofnun. Álit – Hvammsvirkjun. Lagt fram álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar. Undirritað að Jakobi Gunnarssyni. Meike Witt tók til máls. Hún lagði fram eftirgreinda bókun

Skipulagsstofnun ákvað í desember 2015 að endurskoða mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar að hluta, þ.e. mat á áhrifum framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu og útivist og landslag og ásýnd lands. Þá nn 16. október 2017 lagði Landsvirkjun fram matsskýrslu og óskaði eftir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 15. febrúar 2018.

Fjöldi athugasemda við matsskýrslu LV barst, þar á meðal bréf frá Ungsól, samtökum ungs fólks sem býr í eða hefur sterk tengsl við sveitarfélög sem Þjóðár rennur um, sem sagt bréf með 110 undirskriftum dags. 6. júlí 2017 þeirra 110 ungmenna með tengingu í sveitafélagið. Í báðum tilfellum mat Skipulagsstofnunar áhrif mun verri en kemur fram í matskýrslu LV. Varðandi áhrif á landslag og ásýnd:

„Skipulagsstofnun telur að áhrif virkjunarinnar á landslag verði verulega neikvæð í ljósi þess að umfangsmiklu svæði verður raskað og mjög margir verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna ásýndar og yfirbragðsbreytinga auk þess sem áhrif af virkjuninni verða varanleg og óafturkræf.“

Þess ber að geta að þetta mat er versta einkunn sem hægt sé að fá á einkunnarskala fyrir vægi á umhverfisáhrifum.

Varðandi áhrif á ferðaþjónustu og útivist:

„Að mati Skipulagsstofnunar er Hvammsvirkjun líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu vegna þeirra óhjákvæmilegu breytinga sem munu verða á upplifun ferðamanna af svæðinu. Í dag er áhrifasvæðið landbúnaðarhérað en með tilkomu fyrirhugaðrar virkjunar mun það fá annað yfirbragð sem kemur til með að einkennast að umfangsmiklum mannvirkjum Hvammsvirkjunar sem munu sjást víða að en einkum í mikilli nálægð frá veginum upp í Þjórsárdal og heimilum íbúa og sumarhúsum í grennd við fyrirhugaðar framkvæmdir. Þessi áhrif á upplifun verða þannig bæði á þá ferðamenn sem eru á leið um svæðið til annarra áfangastaða, m.a. liggur ein aðalleið upp á hálendið um áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar, sem og á þá sem koma til með að dveljast á svæðinu til útivistar. Þessi neikvæðu áhrif munu verða til staðar, að mati Skipulagsstofnunar, þrátt fyrir niðurstöðu Landsvirkjunar um að möguleikar til útivistar komi ekki til með að skerðast. [...]“

Framkvæmdin sé líkleg til að hafa talsverð neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist.

LV taldi þau áhrif einungis vera óverulega neikvæð og ljóst er að einkunn

Skipulagsstofnunnarinnar er verri en vægið sem LV lagði til í sínu mati.

Ennfremur segir Skipulagsstofnun: *“Í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og mörgum athugasemdum er lýst yfir að ekki sé eðlilegt að tengja tilkomu brúar yfir Þjórsá neðan virkjunar við virkjanaáformin eins og gert hafi verið í spurningakönnun RRF um áhrif Hvammsvirkjunar á ferðaþjónustu, útivist og samfélag. [...] Þá tekur stofnunin undir þá gagnrýni að í könnun RRF eru spurningar sem varða nýjan veg og brú yfir Þjórsá sem fyrir liggur skýrt að er ekki hluti af virkjunarframkvæmdum og ekki forsenda fyrir þeim né að virkjun sé forsenda fyrir gerð vegarins og er því alfarið um ótengda framkvæmd að ræða.”*

Þó að samstarf Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafi verið farsællt í sambandi við margar virkjanir á svæðinu þá ber okkur að horfa með gagnrýnum augun á hverja virkjunarframkvæmd fyrir sig. Núverandi sveitastjórn ber einnig ábyrgð vegna komandi kynslóða og réttar þeirra til að nýta landið til atvinnuuppbyggingar. Niðurstæða Skipulagsstofnunar gefur til kynna að umhverfisáhrifin eru talsverð neikvæð á ferðaþjónustu og útivist og sú niðurstæða ber að hafa í huga þegar sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps verður krafin um framkvæmdaleyfi. Að öllum líkindum mun orkan sem verður til hér flutt hédan til uppbygginga annarsstaðar og þar með má segja að okkar sveitarfélag verði refsað á tvöfaldan hátt. Náttúrufórnin og neikvæðu áhrif á ferðaþjónustu verða okkar til framtíðar en hagnaðurinn fluttur í burtu. Ferðaþjónustan hefur verið ört vaxandi og mikilvægur þáttur í atvinnu í okkar sveitarfélagi. Vægi ferðaþjónustunnar mun skv. öllum hagspám fara vaxandi bæði varðandi atvinnuuppbyggingu og tekjuöflun.

Ólíklegt er að núverandi sveitastjórn muni verða krafin um framkvæmdaleyfi en mig langar að skora á sveitastjórnarmenn næstkomandi sveitastjórnar að íhuga þessi mál vel og vandlega. Skafti Bjarnason og Einar Bjarnason tóku undir ofangreinda bókun.

Gunnar Örn Marteinnsson kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Hér er til umfjöllunar álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar, hvort eða hvenær verður ráðist í framkvæmdir við Hvammsvirkjun er ekki ljóst á þessu stigi málsins en ef til framkvæmda kemur er nauðsynlegt að þau sem í sveitarstjórn sitja þegar þar að kemur séu vel vakandi varðandi mótvægis- aðgerðir vegna áhrifa framkvæmdarinnar.

Ljóst er að þessi framkvæmd eins og aðrar slíkar hafa raskanir í för með sér sérstaklega á framkvæmdartíma og þær breyta ásýnd lands, hvað þá þætti varðar er hægt að taka undir margt í álit Skipulagsstofnunnar. Ekki er hægt að taka undir álitinu hvað varðar neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu, raunar má frekar gera ráð fyrir ef framkvæmdin verði í samræmi við núverandi hugmyndir um aðgengi og útlit mannvirkja þá geti Hvammsvirkjun virkað sem aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu. Halla Sigríður Bjarnadóttir tók undir bókunina.

2. Umsókn um lóðir í Brautarholtshverfi. Fyrirtækið Tré og straumur sækir um lóðina Vallarbraut 9 í Brautarholtshverfi. Félagið er með áform um að byggja þar parhús. Samþykkt að úthluta Tré og straum ehf lóðinni Vallarbraut 9. Auk þess óskar félagið eftir að skoða möguleika á breytingu lóðanna Holtabraut 21 og 23. Sveitarstjóra falið að útbúa og undirrita lóðarleigusamning og kanna breytingarmöguleika með lóðirnar 21 og 23.
3. Erindi frá Landgræðslu. Nýting kjötmjöls. Lagt fram erindi frá Lndgræðslunni undirritað af Garðari Þorfinnssyni. Óskað er eftir leyfi til að dreifa kjötmjöli á uppgræðslusvæði á Hafinu.

Leyfi samþykkt samhljóða með því skilyrði að gerð verði framkvæmdaáætlun og skýrslu skilað um verkefnið að því loknu. Staðið verði við tímaáætlun.

4. Umhverfisstofnun- varðar Reykholt aðalskipulag. Umsögn frá Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi í Reykholti í Þjórsárdal þar eru ekki gerðar athugasemdir. Undirritað af Kristínu S Jónsdóttur og Rakel Kristjánsdóttur. Umsöng lögð fram og kynnt.
5. Aðalskipulag. Umfjöllun -Afgreiðsla. Máli frestað.
6. Landsvirkjun – Aðgengi að Búrfellsskógi. Lagt var fram bréf frá Landsvirkjun undirritað af Rögnu Árnadóttur aðstoðarforstjóra. Varðar aðgengi að Búrfellsskógi og Búrfell 2. Fram kemur í bréfinu að áform Landsvirkjunar séu að tryggja óbreytt aðgengi að Búrfellsskógi. Hugmyndir hafa verið lagðar fram af hálfu Landsvirkjunar um göngu og reiðbrú á Fossá. Snýr það ásamt fleiru að heildarskipulagi svæðisins í kringum Búrfell af hálfu Landsvirkjunar. Í bréfinu er óskað eftir aukinni upplýsingagjöf og samráði um þessi mál. Máli vísað til fulltrúa í samráðsnefnd sveitarfélagsins og Landsvirkjunar.
7. Umsóknir um rekstur í Árnesi. Lögð fram umsókn frá Birgi Birgissyni, Lofti Einarssyni og Idu Juhl um rekstur í Árnesi frá 1 júní til 1 september 2018, ásamt umsjón með tjaldsvæði. Auk þess lýsa þau áhuga á að taka á leigu gistihúsið Nónstein á sama tímabili. Samþykkt samhljóða að semja við Birgi, Loft og Idu um rekstur í Árnesi auk umsjónar með tjaldsvæði og leigu á gistihúsinu Nónsteini að uppfylltum vissum skilyrðum.

Fundargerðir

8. Skipulagsnefnd fundargerð 152. Fundar. Mál 5,6,7,8 og 8 þurfa afgreiðslu

5. mál. Hraunhólar lnr 166567: Íbúða- og frístundabyggð: Stækkun svæðis og fjölgun lóða: Deiliskipulagsbreyting – 180300 Umsókn Skaftholts, sjálfseignarstofnunar dags. 28. febrúar 2018, um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hraunhóla. Í breytingunni felst að afmarkaðar eru 6 nýjar stórar íbúðarhúsalóðir auk þess sem afmörkun þriggja núverandi íbúðarhúsalóða breytist (lóðirnar stækka). *Að mati skipulagsnefndar er forsenda deiliskipulagsbreytingarinnar að gerð verði breyting á aðalskipulagi svæðisins. Lóðirnar virðast ekki vera innan svæðis sem afmarkað er sem blanda íbúðarsvæðis- og landbúnaðarsvæðis auk þess sem í aðalskipulaginu kemur fram að eingöngu sé gert ráð fyrir 3 íbúðarhúsalóðum á þessu svæði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.*

6. mál. Hellnaholt: Fossnes: Nýjar lóðir: Deiliskipulag – 1803004

Umsókn Sigrúnar Bjarnadóttur um hvort að gera megi deiliskipulag fyrir land Fossness þar sem afmarkaðar eru þrjár nýjar frístundahúsalóðir og gert ráð fyrir nýju íbúðarhúsi og fjölnota skemmu

Að mati skipulagsnefndar er fyrirbyggjandi tillaga ekki samræmi við gildandi aðalskipulag svæðisins. Fyrirhugað íbúðarhús og skemma virðist vera á svæði fyrir frístundabyggð og a.m.k. 1 frístundahúsalóðin virðist vera á landbúnaðarsvæði. Breyting á aðalskipulagi er því forsenda þess að hægt sé að samþykkja deiliskipulag í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

7. mál. Fossnes lnr 176269: Sumarhúsalóð: Nýtt lögbýli: Fyrirspurn - 1803007

Fyrirspurn Sigrúnar Bjarnadóttur dags. 15. janúar 2018 um hvort breyta megi frístundahúsalóð í landi Fossnes með lnr. 176269 í lögbýli. Lóðin er 9.000 fm að stærð og á henni er 68,8 fm frístundahús byggt 1996.

Þar sem lóðin er á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreind sem frístundabyggð er ekki hægt að breyta lóðinni í lögbýli nema að aðalskipulagi svæðisins verði breytt.

Skipulagsnefnd mælir ekki með að aðalskipulagi fyrir staka lóð innan frístundabyggðar sé breytt í lögbýli. Þá liggur ekki fyrir hvort að hús sem er á lóðinni samræmist kröfum byggingarreglugerðar um íbúðarhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

8. mál. Reykholt í Þjórsárdal: Verslunar- og þjónustusvæði:

Aðalskipulagsbreyting - 1709046

Endurskoðuð tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels- og baðlóns við Reykholt í Þjórsárdal. Er búið að gera breytingar til að koma til móts við ábendingar sem fram koma í fyrirliggjandi umsögnum og bréfi Skipulagsstofnunar dags. 16. febrúar 2018.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samhliða deiliskipulagi svæðisins.

Senda skal tilkynningu til umsagnaraðila um leið og tillagan er auglýst.

Sveitarstjórn samþykkir að umrædd aðalskipulagsbreyting verði auglýst skv. 1.

Mgr.31. gr skipulagslaga nr 123/2010 samhliða deiliskipulagi svæðisins, samhliða verði tilkynning send til umsagnaraðila.

9. mál. Reykholt í Þjórsárdal: Svæði umhverfis Þjórsárdalslaug: Deiliskipulag - 1712021

Endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi vegna uppbyggingar hótels- og baðlóns við Reykholt í Þjórsárdal, ásamt umhverfisskýrslu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagið, ásamt umhverfisskýrslu, verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Senda skal tilkynningu til umsagnaraðila um leið og tillagan er auglýst. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið fyrir sitt leyti ásamt umhverfis skýrslu, sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið og umhverfisskýrslan verði auglýst skv. 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Tilkynning verður send til umsagnaraðila auglýsinga um tillöguna.

Að mati skipulagsnefndar er forsenda þess að stofnuð verði frístundahúsalóð með byggingarheimild er að auglýst verði deiliskipulag fyrir svæðið. Gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að deiliskipulag fyrir lóðina verði auglýst með skilmálum sem almennt gilda um frístundahúsalóðir, þ.e. að byggingarmagn miðist við nýtingarhlutfallið 0.03.

Sveitarstjórn gerir ekki athugaemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að auglýsa deiliskipulag fyrir svæðið með skilmálum sem almennt gilda um frístundalóðir.

17. mál. Hraunhólar lnr 166567: Íbúða- og frístundabyggð: Stækkun svæðis og fjölgun lóða: Aðalskipulagsbreyting - 1803045

Lögd fram umsókn Sjálfseignarstofnunarinnar Skaftholts dags. 9. mars 2018 um óverulega breytingu á aðalskipulagi svæðis í landi Hraunhóla, til samræmis tillögu að deiliskipulagi svæðisins sem nýlega var tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar

Er óskað eftir að svæði fyrir stórar íbúðarhúsalóðir sunnan Þjorsárdalsveggar verði stækkað til austurs.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulaginu til samræmis við umsókn. Að mati nefndarinnar er breytingin óveruleg og mælir með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti breytinguna á aðalskipulaginu til samræmis við umsókn skv. 2. Mgr skipulagslaga nr. 123/2010

18. mál. Stóra-Hof 1 lnr 166601: Tjald - og hjólhýsasvæði: Tilfærsla á byggingarreit: Deiliskipulagsbreyting - 1803047

Lögð fram umsókn Byggiðnar dags. 13. mars 2017 um óverulega breytingu á deiliskipulagi í landi Stóra-Hofs. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur á tjald- og hjólhýsasvæði fyrir þjónustuhús færist auk þess sem heimilt verður að byggja 200 fm hús í stað 150 fm. Þá er sýnir losunarstaður fyrir ferðasalarni auk þess sem vegur að tjaldsvæði er lengdur.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytinguna sem er óveruleg og er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Er mælt með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda óverulega breytingu á deiliskipulagi í landi Stóra - Hofs samkvæmt 2. Mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ekki verður framkæmd grenndarkynning.

19. mál. Sandlækur 1 lóð 5 (166643): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1803030

Lögð fram umsókn Helgu Guðrúnar Loftsdóttur dags. 6. mars 2018 um byggingarleyfi fyrir 32,6 fm frístundahúsi á landi Sandlækur 1 lóð 5 lnr. 166643.

Að mati skipulagsnefndar er forsenda þess að veitt verði byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á lóðinni að auglýst verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að deiliskipulag fyrir lóðina verði auglýst með skilmálum sem almennt gilda um frístundahúsalóðir, þ.e. að byggingarmagn miðist við nýtingarhlutfallið 0.03.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að auglýsa deiliskipulag fyrir umrædda lóð með þeim skilmálum sem almennt gilda um frístundahúsalóðir.

10.Fundargerð 51. Fundar stjórnar BS Skip- og bygg. Fundargerð lögð fram og staðfest

11.Fundargerð Skóla- og Velferðarþj. 26.Fundur. 06.03.18. Fundargerð lögð fram og staðfest.

12.Fundur um afréttarmál. 22.03.18. Fundargerð lögð fram og staðfest. Sveitarstjórn tekur undir með sveitarstjóra Hrunamannahrepps um að leggja áherslu á að stofnaðar veðri lóðir við alla fjallaskála.

13.Fundargerð 13. Fundar Afréttarmálafélags. Fundargerð lögð fram og staðfest. Í fundargerðinni hvetur stjórn Afréttarmálanefndarinnar til þess að gengið verði sem fyrst frá fyrirkomulagi við umsókn og eftirliti með fjallaskálum. Sveitarstjóra falið að ræða við nefndina hvað það varðar og koma með tillögur á næsta fund sveitarstjórnar.

14.Fundargerð 14. Fundar Afréttarmálafélags. Fundargerð lögð fram og staðfest.

15. Fundargerð vegna fundar um friðlýsingu Kerlingafjalla. Fundargerð lögð fram og staðfest.

16. Fundargerð 20. Fundar stjórnar Brunavarna Árn. Fundargerð lögð fram og staðfest.

17. Fundargerð 20. Skólanefndar Flúðaskóla. Fundargerð lögð fram og staðfest.

18. Fundargerð 7. Fundar um æskulýðsmál Flúðaskóla. Fundargerðð lögð fram og staðfest.
19. Fundargerð 33. Fundar Menningar- og æskulýðsmála. Fundargerð lögð fram og staðfest.
20. Fundargerð Ungmennaráðs 06.05.18. Í fundargerð kemur fram ósk um fund með sveitarstjórn. Samþykkt að boða Ungmennaráð til næsta sveitarstjórnarfundar. Umsagnir - styrkir
21. Hraunvellir umsögn um leyfi til rekstur gististaðar. Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi undirrituð af Agli Benedíktsyni um umsögn um leyfi til restkurs gististaðar að Hraunvöllum fastanr. 229-1029. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að ofangreint leyfi verði veitt.
22. Þingskjal 0279. Skipting útsvarstekna. Umsögn. Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir lýstu ánægju með að til standi að skipa vinnuhóp til að fjalla um skiptingu útsvarstekna.
23. Þingskjal 0459. Frumvarp um lögheimili. Umsögn. Lagt fram og kynnt
24. Forvarnir – beiðni um styrk. Lagður fram tölvupóstur frá Fræðslu- og forvörnum. Þar sem óskað er eftir styrk til starfseminnar. Samþykkt samhljóða að styrkja samtökin um 25.000 kr.
25. Sagna- Samtök um barnamenningu. Beiðni um styrk. Erindi undirritað af Margréti Tryggvadóttur. Beiðni hafnað

Samningar

26. Samningur um jarðhitaleit. Þarfnast staðfestingar. Lagður fram undirritaður samningur milli sveitarfélagsins og ÍSOR um jarðhitaleit í Þjórarárholti. Samningur staðfestur
27. Mentor -Vinnslusamningur. Lagt fram sýnishorn af samningi milli ábyrgðaraðila persónuupplýsinga og vinnsluaðila persónuupplýsinga.
28. Lóðarleigusamningur um lóð 8 á Flötum. Staðfesting. Lagður fram undirritaður lóðarsamningur um sumarþustaðalóðina Flatir 8. Lóðarhafar Ragnar Haraldsson og Kristín Ásta Jónsdóttir. Lóðarleigusamningur staðfestur.
29. Lóðarleigusamningur um lóðina Bugðugerði 3. Lagður fram undirritaður lóðarleigusamningur um lóðina Bugðugerði 3. Um er að ræða raðhúsaloð. Lóðarhafi Selásbyggingar. Lóðarleigusamningur staðfestur.
30. Lóð við Hjálparfoss. Lögð fram umsókn frá Forsætisráðneyti um lóð undir salernishús við Hjálparfoss. Undirrituð af Regínu Sigurðardóttur. Umsókn samþykkt samhljóða.
31. Kjörskrá. Umboð sveitarstjóra til að semja kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma varðandi kjörskrá (fram að kjördegi) vegna sveitarstjórnarkosninga 26 maí 2018. í samræmi við 10. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna (27. gr. laga um kosningar til Alþingis.)“
32. Bugðugerði 3. Lögð fram að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi Árness sem nær til lóðarinnar Bugðugerði 3. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja þriggja íbúða raðhús á lóðinni í stað parhúss. Tillagan var grenndarkynnt með bréfi dags. 27. febrúar 2018 með athugasemdafresti til 28. mars. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og felur skipulagsfulltrúa að birta auglýsingu um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

33. Önnur mál

1. Halla Sigríður kvaddi sér hljóðs. Hún óskaði eftir að hestagerði verði lagfærð tímanlega fyrir sumarið. Auk þess verði komið upp hestagerðum á fleiri stöðum.
2. Sveitarstjórn leggur áherslu á fyrri ákvörðun sveitarstjórnar um að land sveitarfélagsins á mörkum Traðarlands verði girt svo fljótt sem klaka leysir. Sveitarstjóra og oddvita falið að fylgja málinu eftir.

Mál til kynningar :

- A. Fundargerð 185. Fundar stjórnar HES.
- B. Afgreiðslur byggingafulltrúa 18-74 og 18-75.
- C. Fundargerð 858. Fundar stjórnar Sambands Ísl svf.
- D. Fundargerð lögfræðingahóps um Persónuvernd.
- E. Fundargerð Samtaka um sögutengda ferðapjónustu.
- F. Bréf Frá SÍS til Ríkiskaupa um samstarf.
- G. Fundargerð tengiliðahóps um opinber innkaup.
- H. Yfirlit bokhaldslykla vegna þjónustu við börn.
- I. Samþykkt SSF 2018.
- J. Bréf frá sambandi vegna skila á ársreikningum og fl.
- K. Þingskjal 0322. Aðgengi að stafrænum smiðjum.
- L. Þingskjal 0539. Breyting á ýmsum lögum.
- M. Starfsleyfi hreinsistöð Brautarholti.
- N. Orkunýtingarstefna SASS.
- O. Deiliskipulag Áenes – Gildistaka.
- P. Áherslur sveitarstjórna fyrir þingmannafund.
- Q. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings Ársreikningur.
- R. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundi slitið kl 17:25 næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 18. apríl næstkomandi. Kl. 14.00.

Sveitarstjórnarkosningar 2018

Íbúar í Skeiða og Gnúpverjahreppi

Okkar sveit, O listinn boðar til fundar um framboð
sunnudaginn 15. apríl kl. 20.00 í félagsheimilinu Árnesi.

Þið sem hafið áhuga á að starfa með okkur og viljið hafa
áhrif á málefni sveitarinnar eruð velkomín.

Skafti Bjarnason.

Starfskraftur óskast við Félagslega heimapjónustu



Velferðþjónusta Árneshvíls
óskar eftir starfsfólki til starfa við
félagslega heimapjónustu í Uppsveitum og Flóa.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

✦ Almenn heimilisþrif

Aðstoð við persónulega umhirðu

Helstu hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
 - Frumkvæði og skipulagshæfni
 - Hæfni til að starfa sjálfstætt
 - Skilyrði er að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilisstörfum
- Nauðsynlegt að hafa þökkalegt vald á íslenskri tungu.

Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða.

Greitt er samkv. kjarasamningum FOSS.

Umsóknarfrestur er til 25.apríl nk.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir í tölvupósti á sigrun@laugaras.is
eða hafið samband í síma 480-1180



Fundur no. 2 Sveitarstjórnarkosningar 2018

Okkar sveit, O listinn boðar til fundar í

Bókahúsinu í Brautarholti kl 20.00 þriðjudaginn 17. apríl

Þið sem hafið áhuga á að starfa með okkur og viljið hafa
áhrif á málefni sveitarinnar eruð velkomin.

Skafti Bjarnason.

**Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholtri, sími 486-6017.**

**Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.**





Grunnskólakennari í Þjórsárskóla

Laus staða kennara í Þjórsárskóla.

Kennslugreinar eru íþróttir í 1-7 bekk 9 kennslustundir (sund ekki meðtalið)

Stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði í 1-2 bekk.
11. Kennslustundir.

Gerð er krafa um grunnskólakennaramenntun og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða 75 % staða frá 1 ágúst nk.

Umsóknarfrestur til 25 apríl 2018.

Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch skólastjóri s. 895 9660
Þjórsárskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nemendur eru tæplega 50.
Þeim er kennt í fjórum kennsluhópum.

Í Þjórsárskóla er lögð áhersla á sjálfbærni, nýsköpun, útikennslu og umhverfið. Við leggjum áherslu á að nýta það efni sem við fáum úr Þjórsárdalsskógi og að gefa gömlum hlutum nýtt líf.

Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því.

Vefslóð www.thjorsarskoli.is

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru um 700 íbúar. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti.

Í hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjórsárdal.

Þjórsárskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

www.Híalín.is

Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í heimsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



Halló! Hello!

Get tekið að mér þrif í sumarhúsum og á heimilum.
Cleaning houses and summerhouses.
Full cleaning servise. **Kristine 786-2688**





Kvennakórinn Ljósbrá í Rangárvallasýslu heldur léttan vor-
tónleika í Árneshlíð laugardaginn 5. maí kl. 16:00 Á

dagskránni verða dægurlög í bland við klassísk.

Stjórnandi: Guðmundur Eiríksson

Undirleikarar: Glódís Guðmundsdóttir og

Smári Kristjánsson

Enginn aðganseyrir

Hlökkum til að sjá sem flesta koma
og fagna vorinu með okkur.

Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar
mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810. Kv. Dóri



Býrð þú við ofbeldi? Is domestic violence a part of your life?
Czy jesteś ofiarą przemocy? - The best way to a swift service is to
contact the Emergency number 112! -

Besta leiðin að ná til lögreglu er Neyðarnúmerið í 112!

Höfum til leigu tón á Stöðulfelli, nánari upplýsingar gefa:



Oddur og Hrafnhildur
Stöðulfelli
Sími 486-6015 865-4449.

VÖRÐUKÓRINN

Tónleikar í Félagsheimilinu Árnesi
föstudagskvöldið 13. apríl kl. 20.30

Í Hveragerðiskirkju miðvikudagskvöldið
25. apríl kl. 20.00

Stjórnandi Eyrún Jónasdóttir
Undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir
Einsöngvari Guðlaugur Lárusson

Sameiginlegir tónleikar í
Fella- og Hólakirkju með kór kirkjunnar
laugardaginn 28. apríl kl. 17.00

Verð 3000 kr.
Frítt fyrir 14 ára og yngri

**Aðalfundur Gjalpar verður haldinn sumardaginn fyrsta,
19. apríl kl. 20:00 í Þjórsárskóla.**

Ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum verður farið yfir hugmyndir stjórnar að verkefnum tengdum atvinnuuppbyggingu og stuðning við atvinnulífið á svæðinu við Þjórsá svo sem skrifstofu- og atvinnukjarna, klasasamstarf smáfyrirtækja á svæðinu og sjálfbærni-rannsóknir. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og nýtt félagsfólk sérstaklega boðið velkomnið á fundinn.

Á aðalfundi er kosið í fimm manna stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum. Áhugasamir um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu á svæðinu eru hvött til að bjóða fram krafta sína í stjórn.

Stjórn Gjalpar
gjalpfelag@gmail.com - www.facebook.com/gjalp

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00

S: 486-5505

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

STOPPUSTUÐ Í ÁRnesi!

**Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er við inngang
skólamötuneytis, (austan megin)**

Félagsheimilið Árnes.



Stóra-Núpskirkja opnuð á ný.

Þann 18. mars s.l. var messað í Stóra-Núpskirkju eftir rúmlega árs hlé því eins og margir íbúar sveitarfélagsins vita var farið í þær viðamestu endurbætur sem gerðar hafa verið á kirkjunni síðan hún var byggð. Fjöldi manns kom til kirkju og þáði kaffiveitingar á eftir í Félagsheimilinu Árnesi. Þar fór formaður sóknarnefndar yfir sögu framkvæmdanna og þakkaði öllum þeim er komu að verkinu.

Hjónin Hulda Gunnlaugsdóttir og Gunnar Einarsson á Selfossi gáfu kirkjunni nýjan og ákaflega fallegan altarisdúk í tilefni þessara tímamóta. Hulda saumaði dúkinn sjálf og í hann eru saumaðar ljóðlínur úr sálum sr. Valdimars Briem fyrir allar stórhátíðir kirkjuársins. Við erum afar þakklát fyrir þessa höfðinglegu gjöf. - Megi kirkjan okkar fallega leyfa okkur að njóta friðar og gleði um ókomin ár því við vonum að nú geti hún staðið í nokkrar aldir enn! ☺



Hulda Gunnlaugsdóttir við glæsilegt handverk sitt.

Næst er ferming 19. apríl kl. 13:30 og messa 22. apríl kl. 11:00

Með ósk um gleðilegt sumar og innilegri þökk fyrir veturinn. Sóknarnefnd.

Aðalsafnaðarfundur Stóra-Núps sóknar verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2018 í Árnesi kl. 20:00

Dagskrá fundar.

1. Lesin upp síðasta fundargerð
2. Skýrsla formanns
3. Skýrsla gjaldkera
4. Skýrsla sóknarprests
5. Kosningar. - Ritari gefur ekki kost á sér lengur og kjósa þarf því ritara í sóknarnefnd til eins árs og tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs og tvo til vara.
6. Kaffihlé.
7. Málefni Kirkjugarðs
7. Önnur mál.

Skoðunarmenn reikninga, aðalmenn:

Ari Einarsson

Helga Kolbeinsdóttir

Varamenn:

Haukur Haraldsson

Sigurður Loftsson

Aðalmenn í sóknarnefnd:

Kristjana Gestsdóttir form 2015-2019

Daði Viðar Loftsson ritari 2015-2019

Ámundi Kristjánsson gjaldk 2017-2021

Varamenn:

Árdís Jónsdóttir 2015-2019

Helga Kristindóttir 2015-2019

Einar Bjarnason 2017-2021

Sumarkveðja. Sóknarnefnd.



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.
Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir,
holdanautakjöt, eldis-
silungur, heimagerðar
sultur og flatkökur,
Arna laktósafrjár
mjólkurvörur og margt
fleira.

Vegetables, herbs,
Angus beef, brown
trout, homemade jams
and flatbreads, Arna
lactose free dairy and
variety of other
products.

Melum, Fláðum

@litlamelabudin

Hrunamannahrepp

www.facebook.com/litlamelabudin/





Sími 899-2910

www.pizzavagninn.is



Apríl 2018

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. apríl	6. apríl Brautarholt 18:00-20:30	7. apríl Reykholt 18-21
12. apríl Laugarvatn 18:00-20:30	13. apríl Flúðir 18-21	14. apríl Lokað í dag
19. apríl Sumardagurinn fyrsti	20. apríl Árnes 18:00-20:30	21. apríl Reykholt 18-21
26. apríl Laugarvatn 18:00-20:30	27. apríl Flúðir 18-21	28. apríl Borg 18:00-20:30



Sími 899-2910

www.pizzavagninn.is



Mái 2018

Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
3. maí	4. maí Brautarholt 18:00-20:30	5. maí Reykholt 18-21
10. maí Uppstigningardagur Lokað	11. maí Flúðir 18-21	12. maí Lokað í dag
17. maí Laugarvatn 18:00-20:30	18. maí Árnes 18:00-20:30	19. maí Reykholt 18-21
24. maí	25. maí Flúðir 18-21	26. maí Borg 18:00-20:30



Vetrarmót Smára 2018 - hið seinna -



Kæru Smárafélagar

Þá fer að liða að seinna vetrarmótinu okkar en laugardaginn 21. apríl nk er stefnan tekin á Torfdal að nýju - með gæðinginn og góða skapið í farteskinu. Mótið hefst kl 13:00 með skráningu og pollastund frá kl 13-13:30.

Barnaflokkur hefst svo stundvíslega kl 14 og svo flokkarnir koll af kalli. Keppt verður í tölti (T7) - riðið undir stjórn þuls hægt tölt og frjáls ferð. Létt og skemmtilegt í alla staði. 5 efstu riða úrslit en 10 efstu knapar safna stigum í stigakeppni vetrarmótanna.

Lífland gefur vegleg verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Flokkarnir verða eftirfarandi:

- Þrautabraut í reiðhöll fyrir polla
- Barnaflokkur
- Unglingaflokkur
- Ungmennaflokkur
- Áhugamannaflokkur
- Opinn flokkur
- **Unghrossaflokkur**

Þátttökurétti er þannig háttað: gjaldgengir eru Smárafélagar allir í barna, unglinga, ungmenna og áhugamannaflokk. Hross þarf ekki að vera í eigu félagsmanns.

Opinn flokkur er öllum opinn óháð félagsaðild. Þjóðum við nágranna og vini hjartanlega velkomna.

Vakin er athygli á því að keppendum í unglinga og ungmennaflokki er einnig heimil þátttaka í opnum flokki með sitt annað hross.

Unghross þurfa að vera í eigu Smárafélaga, vera 4-6 vetra (á árinu) en knapi þarf ekki að vera félagsmaður í Smára.

Hlökkum til að sjá ykkur - hress og kát laugardaginn 21. apríl!

Bestu kveðjur
Mótanefndin

P.S enn á ný hvetjum við til þess að fylgst sé með á fésbókinni. En þar má einnig finna nánari útlistun á tilhögun vetrarmótanna. Endilega hikið ekki við að senda okkur spurningar ef einhverjar eru varðandi vetrarmótin.



FIRMAKEPPNI 2018



Firmakeppni hestamannafélagsins **Smára**
verður haldin á Flúðum

1. maí að venju og hefst stundvíslega kl. 13.00

Kept verður í eftirfarandi flokkum :

- Pollaflokkur (9 ára og yngri)
- Barnaflokkur (10-13 ára)
- Unglingaflokkur (14-17 ára)
- Ungmennaflokkur (18-21 árs)
- Kvennaflokkur
- Karlaflokkur
- Heldri manna og kvennaflokkur (+50)
- Fljúgandi skeið

**Skráning verður á staðnum frá kl:12:00
og lýkur henni kl. 12.50**

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum
stærsta viðburði félagsins, hvort sem er ríðandi,
gangandi eða akandi.*

*Stjórn Smára áskilur sér rétt til að fella niður eða breyta
flokkum eftir að skráningu lýkur. Minnum á reglur
Firmakeppni Smára, þær er að finna inn á smari.is*

Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórnin

Athugið nú vel kæru íbúar og aðrir!

Áburðarpokana ber að flokka!

Þeir eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp! Gámastöðvarnar taka ekki við þessari vöru óflokkaðri!

Það eru komin kör undir heyrúlluplast á gámastöðvunum en plastið verður að vera hreint sem í þau fer!

Kær kveðja. - Stöðvavörður.



Leikholtsfréttir í apríl

Í Leikholti í mars hafa börnin haft mikið að gera. Þau læra hljóð stafanna í gegnum Lubba (kennslufni: hundur sem kennir hljóð stafanna með



Sjóræningjahlómahópur í salnum, í vínastund og skólabílnum (elsti árgangur) á leið í skólaheimsókn 🐼🐼🐼🐼🐼



táknum og hljóðum), tölustafi í gegnum numicon kubba, hlutverkaleik í gegnum félagsleg samskipti, þau læra að vera sjálfstæð og sjálfbjarga í samskiptum við aðra Þann 16. mars bauð Þjórsárskóli eldri deildinni (Vörðufelli) að koma á Generalprufu fyrir árshátíð þeirra. Þetta er einn liður í samstarfi skólanna tveggja og var þetta mjög skemmtileg ferð fyrir börn og starfsmenn að sjá börnin í Þjórsárskóla spreyta sig á sviðinu í Árnesi. Við þökkum kærlega fyrir okkur bæði boðið og flotta sýningu. ☺ Nú eru skólaheimsóknirnar byrjaðar aftur hjá elstu börnunum í

Leikholti. Þau fara að meðaltali 8 skipti fyrir áramót og önnur 8 skipti eftir áramót í heimsókn í skólann og eru í skólanum hálfan fimmtudag í hvert skipti (frá kl. 9-12/13). Þetta góður undirbúningur fyrir að byrja í Þjórsárskóla næsta haust, þau eru farin að þekkja umhverfið, kennarana og börnin sem verða með þeim í bekk mjög vel. Flott samstarf þarna!

Í mars var annar Öðruvísi dagur og ákváðu Vörðufellsbörnin í sameiningu að hafa Búninga- og Kökudag, því mættu flestir í búning þennan dag eða mátuðu búninga í Leikholti og fengu síðan að baka köku saman ☺ og borða auðvitað. ☺ En í vetur hafa börnin í Vörðufelli verið mjög dugleg að baka og vinna í leiðinni með stærðfræði. Presturinn kom síðan í tvær heimsóknir núna fyrir páska, sagði skemmtilegar sögur og söng með börnunum. Í Vörðufelli er í gangi vináttuverkefni sem er forvarnarverkefni gegn einelti á vegum Barnaheilla. Okkur langar að segja ykkur frá honum Blæ, sem er vinabangsi en hann er að hjálpa okkur að vera góðir vinir og vinkonur þannig að öllum líði vel. Það gerir Blær með því að kenna okkur fjögur grunngildi til að hafa að leiðarljósi. Til þess að það gangi upp þurfa allir að hjálpast að; börn, kennarar og foreldrar.



Grunngildin eru:

1. **Umburðarlyndi**, að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla af virðingu.


2. **Virðing**, að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum og vera öllum góður félagi og virða mismunandi háttarni annara.

3. **Umhyggja**, að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samliðan og hjálpssemi. Að, hafa skilning á stöðu annara.

4. **Hugrekki**, að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Í leikskólanum glíma börnin líka við klípusögur sem vekja okkur til umhugsunar um samskipti okkar við aðra og finna leiðir til að öllum geti liðið vel saman.

Vonum að allir hafi haft það gott yfir páskana, bestu kveðjur frá öllum í Leikholti ☺



Köngulóarhópur í Bókasafninu og salnum ☺



Þjölluhópur í salnum og gönguferð



P.s. Árshátíðin okkar í Leikholti er 18. apríl næstkomandi kl. 14:00 ☺.

Gleðilegt sumar!

Árshátíð Bjorsarskóla – Rússneskar þjóðsögur og ævintýri.

Föstudaginn 16. mars var árshátíð nemenda í skólanum. Vikan á undan var tekin til þess að undirbúa skemmtunina. Þá unnu nemendur á stöðvum: Búningagerð, sviðsmynd og leikmunir, skreytingar á sal, leiklist og sönglist. Skemmtilegt uppbrot á skólastarfi þar sem allir leggja sitt að mörkum og vinna saman. Við erum stolt af duglegu og hæfileikaríku starfsfólki skólans og nemendum sem lögðu sig fram og stóðu sig með stakri þrýði.



Stóra upplestrarkeppnin

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði.

Að þessu sinni fór undankeppnin fram í Kerhólsskóla. Rebekka, Anna Lovisa og Jón Ágúst voru fulltrúar Bjorsarskóla og þau stóðu sig þrýðilega.

Fögnum fjölbreytileikanum og Blár apríl

Í skólanum sýnum við samstöðu og tókum þátt í því sem er að gerast í þjóðfélaginu t.d. vitundarvakningu um dag fjölbreytileikans og Bláan apríl.

fjöl-



Páskar og hefðir – Í vikunni fyrir páskafrí erum við svo heppin að Valgerður á Húsatóftum kemur til okkar með útungunarvél. Þá fá allir tækifæri til þess að fylgjast með ungum klekjast út úr eggjum.

Þá förum við í páskaeggjaleit í sömu viku. Spjöld með nöfnum nemenda eru falin á skólalóðinni og allir fara út og leita að nafninu sínu. Þegar spjöldunum er skilað inn þá fá börnin páskaegg að launum.



Lestrarvinir – Við erum farin af stað með nýtt verkefni í 1.-2. bekk sem við köllum lestrarvini. Við fáum vini okkar í 6.-7. bekk í heimsókn einu sinni í viku og þeir hlusta á okkur lesa og þeir lesa stundum fyrir okkur.



Kveðjur úr skólanum
Kristín og Bolette



Uppsveitardeild æskunnar 2018

Æskulýðsnefndir Smára og Loga hafa í vetur svo sem undanfarin ár staðið fyrir mótaröðinni, Uppsveitardeild Æskunnar í hestaíþróttum. Mótaröðin samanstendur af þremur mótum þar sem keppt er í þrígangi, fjórgangi, fimmgangi, tölta, fimi, smala og skeiði.

Lokamót deildarinnar í ár var laugardaginn 7. apríl sl. þar sem keppt var í smala, fimi og einnig skeiði hjá unglingum.

úrslit dagsins voru eftirfarandi

Smali Barna

1 Aron Mímir Einarsson	Sprettur frá Hróðnýjarstöðum
2 Eyþór Ingi Ingvarsson	Sólfari frá Fjalli
3 Freya Mattsson	Aþena frá Hafnarfirði
4 Hildur María Jóhannesdóttir	Sóley frá Áskoti
5 Friða Eiríksdóttir	Mjóblesi
6 Svana Eiríksdóttir	Minkur
7 Anna-Lovísa Duerholt	Rauðhetta frá Höskuldsstöðum

Smali unglinga

1 Þorvaldur Logi Einarsson	Stjarni frá Dalbæ
2 Þórey Þula Helgadóttir	Topar frá Hvammi 1
3 Einar Ágúst Ingvarsson	Ás frá Fjalli
4 Valdimar Örn Ingvarsson	Snerpa frá Fjalli
5 Aron Ernir Ragnarsson	Fluga frá Sóleyjarbakka
6 Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Frigg frá Hamraendum
7 Laufey Ósk Grímsdóttir	Saga frá Ásatúni

Skeið unglinga

1 Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Skemill frá Dalvík
2 Þorvaldur Logi	Ísdögg frá Miðfelli
3 Laufey Ósk Grímsdóttir	Teigur frá Ásatúni
4 Einar Ágúst Ingvarsson	Snerpa frá Fjalli
5 Aron Ernir Ragnarsson	Fluga frá Sóleyjarbakka
6 Þórey Þula Helgadóttir,	Þótti frá Hvammi 1

Fimi Barna

1 Eyþór Ingi Ingvarsson	Sólfari frá Fjalli
2 Freya Mattsson	Aþena frá Hafnarfirði
3 Hildur María Jóhannesdóttir	Sóley frá Áskoti
4 Anna-Lovísa Duerholt	Rauðhetta frá Höskuldsstöðum
5 Aron Mímir Einarsson	Sprettur frá Hróðnýjarstöðum

Fimi Unglinga

1	Þórey Þula Helgadóttir,	Topar frá Hvammi 1
2	Þorvaldur Logi	Hátíð frá Hlemmiskeiði 3
3	Aron Ernir Ragnarsson	Váli frá Efra-Langholti
4	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Frigg frá Hamraendum
5	Valdimar Örn Ingvarsson	Snerpa frá Fjalli

Samanlögð heildar stigakeppni: Barnaflokkur

1	Eyþór Ingi Ingvarsson	45,5	Smári
2	Freya Linda Andrea Mattsson	41,5	Smári
3	Hildur María Jóhannesdóttir	38,5	Logi
4	Aron Mímir Einarsson	32,5	Smári
5	Sigríður Mjöll Sigurðardóttir	16	Logi
6	Anna-Lovísa Duerholt	11	Smári
7	Fríða Eiríksdóttir	6	Smári
8	Svana Eiríksdóttir	5	Smári

Unglingaflokkur

1	Þorvaldur Logi Einarsson	54	Smári
2	Þórey Þula Helgadóttir	49	Smári
3	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	45,5	Logi
4	Aron Ernir Ragnarsson	37,5	Smári
5	Laufey Ósk Grímsdóttir	29	Smári
6	Einar Ágúst Ingvarsson	19	Smári
7	Valdimar Örn Ingvarsson	18	Smári
8	Sölvi Freyr Freyðisarson	9	Logi

Samanlögð stig félaganna

Smári	332,5
Logi	124,5

Æskulýðsnefndin þakkar öllum þeim sem þátt tóku og lögðu leið sína í höllina til að fylgjast með mótunum í vetur. Sérstaklega þakkar nefndin þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gerðu okkur kleift að halda mótin í vetur en þeir eru:

Hófadynur.is Vesturkot LímtréVírnet Fellskotshestar


Víðigerði/Talltorpa Landstólpi Hrosshagi S.Ársælsson ehf Álfsstaðir
EiniholtDalsholt Véladeildin á Ólafsvöllum Alhestar Hænsnahöllin á
Húsatóftum Nagdýraræktun Fríðu og Svönu

Á bak við eldavélina!

Vilborg María Ástráðsdóttir fatahönnuður og saumakona í Skarði deilir með okkur uppskrift mánaðarins.

Það er nú bara þannig að ég varð alveg hoppandi glöð yfir því að loksins hefði verið skorað á mig í uppskriftakeppni sveitarinnar. Þakka þér kærlega Svala, ég hef nefnilega beðið eftir þessu í óratíma, jafnvel mörg ár... afar svekkt yfir því að enginn skyldi muna eftir mér en loksins kom að því! Síðan fór ég að velta því fyrir mér hvers vegna Svala hefði skorað á mig .. og fór að gruna að ég hefði masað of mikið í eftirleitinni og ég hefði trúað Ingvari fyrir þessum raunum mínum – hann man stundum fullmikið.

Ég er mikill aðdáandi nautakjöts og er alin upp við það frá því ég að var stelpuskott í Flóanum. Það er sérstaklega gott að steikja það upp úr smjöri og baða það svo í smá rjóma – mikið sælgæti. En uppskriftin sem ég ber á borð fyrir ykkur er uppskrift af súpu sem er bara alveg ágæt. Í súpunni minni miða ég við að hafa hlutfallslega mikið af kjöti en máské heldur minna af hinu. Ef ég gæti þá mundi ég aðeins nota íslenskt hráefni .. en sem dæmi þá veit ég ekki til þess að laukar séu ræktaðir á Íslandi svo að þar fór það.



Innihald:

Nautakjöt, smjör, salt, pipar. Laukur og sveppir, karrýkrydd. Rjómi og mexíkóskur ostur. Hvítlaukur, rautt-karrý-mauk (í krukku). Kartöflur, gulrætur, paprikur (og stundum fleiri tegundir af íslensku grænmeti – sem fyrirfinnst í ískápnum og er til eftir árstíðum).

Nautakjötsbitarnir eru skornir frekar smátt og eru steiktir uppúr brakandi heitu smjöri á pönnu. Krydda með salti og pipar, ítölsk hvítlauks kryddblanda frá pottagöldrum er líka mjög góð.

Nautakjötið bara brúnað og því „lokað“ og svo geymi ég það á meðan laukurinn er steiktur. Steiki sem sagt lauk – líka upp úr brakandi heitu smjöri og þegar hann er að verða mjúkur set ég sveppina út í. Ég nota alltaf nokkra lauka og slatta mikið af sveppum. Laukurinn og sveppirnir fá yfir sig úrvals lífrænt karrýkrydd – þegar öllu er á botninn hvolft þá margborgar sig að kaupa lífrænt því það er margfalt bragðbetta, maður þarf að nota minna af því – innbyggðir minna af einhverjum andsk* aukaefnum og maður á minni pening til að kaupa sælgæti.



Svo má draga pott fram – stóran ef maður á von á mörgum svöngum munnum (það er líka ágætt að miða magnið af matnum líka eftir því).

En jæja, laukurinn&sveppirnir&kjötið ofaní pottinn og set smá vatn en hressilega mikið af rjóma, næstum því meira en af vatni.

Flysja kartöflur og sker til helminga og gulrætur grófskornar og þeim vippað úti. Kjötkraftur er stundum nauðsynlegur, salta svolítið og pipra og eina teskeið af hrásykri. Matskeiðar af hvítlauk og sirka teskeið af rauðu karrý-mauki sem er alveg svakalega sterkt. Sker mexíkóska ostinn í grófa bita og set úti. Ef það er til gráð/myglu .. eða hvað þeir heita aftur allir þessir ostar – í ískápnum þá fær hann líka að fara með – í litlum bitum.



Hleypi upp suðu en leyfi síðan að malla á meðan ég stekk út í hesthús og fer stuttan sprett á góðum brúnum töltara sem mér áskotnaðist neðan af Skeiðum. Hann er fremur fljótur í förum og inn er ég komin aftur eftir 40 mínútur. Þá grófsker ég papriku, stundum hvítkál og spergilkál og set út í, finnst betra að það sé ekki orðið alveg mauksóðið. Má malla í sirka 10 mín en síðan slökkva undir. Ef maður er með gesti þá getur maður masað í smá stund áður en sest er við borðhald.

Súpan mín er yfirleitt mjög sterk sérstaklega ef maður hefur tapað sér í rauða-karrýkryddmaukinu og hvítlauknum – en þá verður maður ekki lasinn næsta mánuðinn í það minnsta.

Ég veit að maðurinn minn nötrar af spennings og er eiginlega búinn að ákveða að ég skori á hann. En ég veit ekki hver græðir á því. Hann útlistar bara í lööngu máli hvernig maður ber sig að því að grilla mikið taðreykt bjúgu og hvað það sé mikið snilldar ráð að dýfa þeim í tilbúna hvítlaukssósu sem maður getur keypt í næstu búð. Ónei – honum verður ekki kápan úr því klæðinu.

Mig langar helst til að skora á Hólmfríði á Blesastöðum – hún kann sko að elda góðan mat ! en ég veit að hún hefur frekar mikið að gera – svo að þá er það næst annað hvort Habbý eða Gunna og þar sem ég get ekki gert upp á milli þeirra þá var bara Ugla sat á kvísti – svo úr varð – að ég skora á Gunnu í Þrándarholti til að koma með næstu uppskrift.



Kveðjur úr Skarði – Vilborg.

VIOLA snyrtistofa - Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokun.



**Tímapantanir í síma:
856-1599**

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Sáðvörulistinn 2018

Vörunr.	Yrki	Kg/ ha	kg/ sekk	Verð pr/kg án vsk.
Grasfræ				
BA151-9088	Tuukka	25-30	25	547,-
101804	Winnetou	25-30	25	490,-
DL 1030	Miracle	25-30	25	815,-
DL-1020	Túnvingull Gondolin	25-30	25	500,-
BA-2010	Hávingull Pradel	25-30	25	560,-
4-0126-61871/01	Hávingull Baralka	25-30	25	680,-
ST-1001	Stólpablanda I fyrir kýr	25-30	25	617,-
ST-2001	Stólpablanda II fyrir fé og belt	25-30	25	664,-
Nýjung DLF-2001	Stólpa-Fjölblanda <i>ProNitró háðuð</i>	25-30	25	590,-
Nýjung DLF-2002	Stólpa-Uppskerublanda <i>ProNitró háðuð</i>	25-30	25	660,-
Rýgresi				
DLF201118204	Fjölært rýgresi Callbra	25-30	25	415,-
20128404	Fjölært rýgresi Mathilde	25-30	25	415,-
	Fjölært rýgresi Garbor	25-30	25	415,-
3301333	Sumarrýgresi Bartlira	25-30	25	323,-
DL-1050	Sumarrýgresi Loan	25-30	25	322,-
BA-1004	Vetrarrýgresi Barmultra II	25-30	25	323,-
	Vetrarrýgresi Danergo	25-30	25	326,-
Vetrarreppja				
BA-1011	Akela	8-10	25	420,-
FB151820	Barsica	8-10	25	480,-
	Licapo	8-10	25	449,-
Belgjurtir				
DL4056	Ertur Ingrid	180-200	500	128,-
41200704	Hestabaunir Fuego	180-200	500	120,-
10200504	Hvítsmárl Rivandel	5 - 6	25	1.190,-
DL10103204	Rauðsmárl Suez	5 - 6	25	1.090,-
Hafrar				
NC1010	Grænfóðurhafrar Domenic	180-200	500	100,-
	Grænfóðurhafrar Emma	180-200	500	114,-
Bygg 6 raða - 2ja raða				
VA5042	Bygg 6 raða Aukusti	180-200	700	103,-
SV-1001	Bygg 2ja raða Filippa	180-200	700	99,-
0115832	Bygg 2ja raða Tamtam	180-200	500	105,-
VA5050	Bygg 2ja raða Salome	180-200	700	105,-
Vorhveiti				
NC0215742	Amaretto	180-200	500	135,-
VA900	Quarna	180-200	700	110,-

Ef pantað er fyrir 20. apríl 300 kg.
eða meira er frír flutningur í boði!



Sími: 480 5600

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Open - Winter:

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00

Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00

Skeiðalaug

Open - Winter:

Mánudaga Mon. 18:00-22:00

Fimmtudaga Thu. 18:00-22:00

Vörur tengdar sundi seldar
í afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Neslaug og Skeiðalaug eru á

Fylgist með á  

Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga
eythorb@gmail.com

Vinnuskólinn 2018



Nemendum sem fæddir eru 2003 og 2004 gefst kostur á að starfa í Vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar.

Vinnuskólinn byrjar 4. júní og stendur í réttar 9 vikur eða til og með 30. júlí og unnið verður fjóra daga í viku, mánud.—fimmtud. Kl. 08:00 - 14:00.

Nemendur með lögheimili í Skeiða– og Gnúpverjahreppi geta nýtt sér þennan skóla.

Skýlt er þó að taka frí eina viku á tímabilinu.

Hámarksfjöldi vinnufólks í einu er átta og ef fjöldinn verður meiri verður starfstíminn skipulagður með það í huga.

Í ágúst gefst þeim kostur sem hafa áhuga, að vinna eftir þörfum og samkomulagi.

Heitur matur er framreiddur í hádeginu en koma þarf með nesti í kaffitíma fyrir hádegi. Umsóknarfrestur er til 14. maí og skráning fer fram á skrifstofunni í síma 486-6100.

Sveitarstjóri